

HEIMIR

I. ÁR. ♫ WINNIPEG, MAN. 12. OKTÓBER 1904. ♫ NR. 5.

Í bónabeygju.

Einkunn:

Líf vort er í bónabeygju:—
Bóndinn heitir Myrkrawalur,
kerling hans er kólska borin,
kotid nefnist Táradalur,
vinnuhjáin, Vani og Blinda,
vegfarendur hondla' og binda.

Oss virðist oft, er vonir kærstar sukku
í víði myrkra ára, dauðinn kyssi
með vörum köldum vorblóm náhjúp sveiptu,
og vetur grimmur mannlíf hylji' á foldu;
en ánægjan sé blóm í blómakrukku
með blöðin gul af lofts og sólar missi,
og rótin krept af keri leiri steyptu
í kaldri, þurri, gróðursnauðri moldu. —
Svo virðist oss, því vaninn er að syrgja;
mót vori' og ljósi alla glugga byrgja.

Og það er sízt að synja fyrir stríðið
og sárin djúp, er mannlífsholdið þekja.
En spryra má, hvort mætti' ei grynnna sárin,
og móti ljósi opna glugga vora.—
En meðan þér ei lífsins lögmál þýðið
og leitist ekki gleðirós að vekja,
en metið öllu meira eymdatárin
sem meðlag yðar lífs til sælli spora,
þá verður myrkrið vörður dýflissunnar
og vegabréfið skræður löngu brunnar.